

**Sp.**

**1056. Svar**

**[344. mál]**

iðnaðarráðherra við fyrirspurn frá Geir Gunnarssyni um kostnað vegna samninganefnda um stóriðju og vegna stóriðjunefndar.

Iðnaðarráðherra svaraði samhljóða fyrirspurn frá Geir Gunnarssyni á 107. löggjafarþingi varðandi árin 1983 og 1984 og vísast til þess að því er varðar samninganefnd um stóriðju og stóriðjunefnd.

Lokauppgjör Ríkisbókhalds varðandi árið 1986 liggur enn ekki fyrir og byggjast upplýsingar þær sem hér eru gefnar því á bráðabirgðatölum.

Alpt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

263

## 1. SAMNINGANEFND UM STÓRIÐJU

Fljótlega eftir myndun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar skipaði þáverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, með bréfi dags. 14. júní 1983 sérstaka nefnd, samninganefnd um stóriðju, til þess að annast viðræður og samninga um orkufrekan iðnað eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra hverju sinni.

Í nefndina voru skipaðir: Dr. Jóhannes Nordal, formaður stjórnar Landsvirkjunar, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, dr. Gunnar G. Schram prófessor. Með nefndinni hafa starfað: Páll Flygening ráðuneytisstjóri, Garðar Ingvarsson hagfræðingur, sem ritari, Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður sem var lögfræðilegur ráðunautur.

Fyrsta viðfangsefni nefndarinnar var að hefja viðræður við Alusuisse með það fyrir augum að komist yrði að samkomulagi um meðferð deilumála fyrirtækisins og íslenska ríkisins sem þá höfðu staðið í þrjú ár og viðræður hafnar milli aðila um hækkun orkuverðs og aðra endurskoðun gildandi samninga um álbræðsluna í Straumsvík.

Á fundum samninganefndarinnar með fulltrúum Alusuisse og ÍSAL sumarið 1983 náðist samkomulag (Bráðabirgðasamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse um leiðir til lausnar á yfirstandandi deilu milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. og um ráðstafanir — að hluta tímabundnar — varðandi starfsgrundvöll, þar á meðal orkuverð, og framtíðarþróun álbræðslunnar í Straumsvík) sem staðfest var af ríkisstjórninni og undirritað af iðnaðarráðherra 23. september 1983.

Með bráðabirgðasamningi þessum var lagður grundvöllur að heildarviðræðum um mál-efni álversins í Straumsvík. Í honum var, auk áfangahækkunar raforkuverðs, samið um að taka upp viðræður um eftirfarandi atriði:

1. Lausn deilumála varðandi skattgreiðslur ÍSAL 1976–1980 og málsmeðferð í því sambandi.
2. Endurskoðun orkuverðs og annarra ákvæða orkusölusamningsins.
3. Endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSAL í þeim tilgangi að gera ákvæðin skýrari og tryggari og draga úr hættu á deilum um skattgreiðslur.
4. Möguleika á stækkun álversins og m.a. heimild fyrir Alusuisse til að selja hlutabréf í ÍSAL.

Með undirritun þriðja viðauka við aðalsamninginn og öðrum þeim samningum, sem undirritaðir voru 5. nóvember 1984 og staðfestir voru af Alþingi með lögum nr. 104 30. nóvember 1984, voru fyrstgreindu atriðin tvö leidd til lykta.

Í framhaldi af staðfestingu þriðja viðaukans var hafist handa um þriðja meginatriði viðræðnanna við Alusuisse, þ.e. endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSAL. Að því máli störfuðu einkum sérstakar undirnefndir samninganefnda aðilanna sem sérfræðinga-nefndir í skattamálum.

Í íslensku undirnefndinni voru: Garðar Ingvarsson hagfræðingur, ritari samninganefndar um stóriðju, formaður, Stefán Svavarsson löggiltur endurskoðandi, Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri, Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður og Halldór J. Kristjánsson, deildarlögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu.

Enn fremur naut nefndin sérfræðiaðstoðar frá breska endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand og íslensku samstarfsfyrirtæki þess, Endurskoðunarmiðstöðinni hf. — N. Manscher. Viðræður nefndanna stóðu fram í júlí 1985 og leiddu til samkomulags um meginatriði endurskoðunarinnar sem áður var getið og undirritað var 18. júlí 1985.

Í samræmi við ákvæði samkomulagsins var síðan unnið að gerð endanlegs texta að formlegum samningi þar sem efni þess yrði fellt inn í gildandi aðalsamning. Af hálfu ríkisstjórnarinnar unnu þrír lögfræðingar, þeir Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður og Halldór J. Kristjánsson deildarlögfræðingur, að því verki í sameiningu, ásamt Garðari Ingvarssyni og öðrum fulltrúum úr skattanefndinni.

Samkomulag náðist um endanlegan texta hinn 11. nóvember 1985 og var viðaukinn undirritaður af Albert Guðmundssyni iðnaðarráðherra og dr. Dietrich Ernst framkvæmdastjóra Alusuisse í Reykjavík sama dag. Var samningurinn lagður fyrir Alþingi haustið 1985 og öðlaðist lagagildi með lögum nr. 111 31. desember 1985.

(Allar fjárhæðir hér á eftir eru í þús. kr.)

a. Heildarkostnaður 38 291 þús. kr.

b. Sundurliðun eftir árum:

	<b>1985</b>	<b>1986</b>
Kostnaður .....	10 183.0	173.1

c. Frekari sundurliðun eftir verkefnum liggur ekki fyrir.

d. Þóknun og laun til einstakra nefndarmanna:

	<b>1985</b>	<b>1986</b>
Dr. Jóhannes Nordal .....	17.1	
Guðmundur G. Þórarinnsson .....	40.9	
Dr. Gunnar G. Schram .....	11.4	
Samtals	69.4	0

e. Þóknun til einstakra ráðunauta, aðkeypt ráðgjöf og þóknun og laun til þeirra sem starfað hafa með nefndinni:

	<b>1985</b>	<b>1986</b>
Garðar Ingvarsson .....	590.2	173.1
Páll Flygenring .....	23.2	
Ragnar Aðalsteinsson .....	63.1	
Lögfræðiskrifstofan Höfðabakka (Eiríkur Tómasson) .....	299.1	
Lögmenn (Hjörtur Torfason) .....	1 551.5	
Hugh Ault .....	136.3	
Coopers & Lybrand* .....	3 867.9	
Philips Weinberg .....	17.0	
M.F. Engineering .....	326.1	
Fasken & Calvin .....	86.4	
Doyle Reporting .....	2.8	
Charles Lipton .....	40.3	
Sigurður Stefánsson (v. dómnefndar) .....	468.3	
Stefán Svavarsson .....	157.5	
Endurskoðunarmiðstöðin, N. Manscher .....	29.3	
Samtals	7 659.0	173.1

\* Þar af 2099 þús. kr. vegna endurskoðunar reikninga ÍSAL fyrir 1984.

	<b>1985</b>	<b>1986</b>
f. Ferðakostnaður .....	1 803.0	0
g. Annar kostnaður .....	651.6	0

## 2. STÓRIÐJUNEFND

Skipuð 14. júní 1983 til að vera iðnaðarráðherra til ráðuneytis um stefnumörkun og tillögugerð til hagnýtingar orkulinda landsins til stóriðju. Þá er nefndinni ætlað að eiga könnunarviðræður við hugsanlega samningsaðila, innlenda og erlenda, á þessu sviði.

Nefndarmenn: Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, formaður, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, Lárus Jónsson bankastjóri, Helgi G. Þórðarson verkfræðingur, Sigurgeir Jónsson ráðuneytisstjóri og Valur Arnþórsson kaupfélagsstjóri. Ritari nefndarinnar er Hermann Sveinbjörnsson deildarstjóri og ráðunautur nefndarinnar er Garðar Ingvarsson hagfræðingur.

Stóriðjunefnd hefur unnið að kynningu gagnvart erlendum fyrirtækjum, viðhaldið eldri samböndum og jafnframt leitað eftir möguleikum á nýjum sviðum orkufreks iðnaðar. Hafa allmargir fundir verið haldnir hérlendis og erlendis með fulltrúum erlendra fyrirtækja um þessi mál. Er vonast til að þetta starf skili árangri í einni eða annarri mynd þegar jafnvægi kemst á í helstu greinum stóriðju og þörf verður á nýjum verksmiðjum.

a. Heildarkostnaður 3483 þús. kr.

b. Sundurliðun eftir árum:

	1985	1986
Kostnaður .....	1 188	411

c. Frekari sundurliðun eftir verkefnum liggur ekki fyrir.

d. Þóknun og laun til einstakra nefndarmanna:

	1985	1986
Birgir Ísl. Gunnarsson .....	54.5	104.9
Guðmundur G. Þórarinsson .....	84.4	24.9
Helgi G. Þórðarson .....	7.2	10.0
Lárus Jónsson .....	7.2	10.0
Sigurgeir Jónsson .....	7.2	10.0
Valur Arnþórsson .....	7.2	10.0
Samtals	167.7	169.8

e. Þóknun til einstakra ráðunauta, aðkeypt ráðgjöf og þóknun og laun til þeirra sem starfað hafa með nefndinni.

	1985	1986
Kostnaður .....	347	219
Starfsmenn og ráðgjafar:		
Garðar Ingvarsson .....	7.2	10.0
Hermann Sveinbjörnsson .....	7.2	10.0
Baldur Guðlaugsson .....	49.5	0.0
Kísilmálmvinnslan .....	175.0	0.0
Háskóli Íslands .....	2.9	17.7
Robert Melk .....	42.5	0.0
Samtals	284.3	37.7
f. Ferðakostnaður .....	277.5	82.0
g. Annar kostnaður .....	458.5	121.5

### 3. STARFSHÓPUR TIL AÐ FJALLA UM LEIÐIR TIL AÐ FLÝTA STÆKKUN ÍSAL

Hinn 14. júlí 1986 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til að fjalla um leiðir til þess að flýta stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Hlutverk starfshópsins er í aðalatriðum sem hér segir:

1. Afla gagna og gera áætlanir um rekstrarafkomu og hagkvæmni stækkunar álbræðslunnar í Straumsvík hvort sem um yrði að ræða stækkun ÍSAL eða nýtt fyrirtæki er rekið væri við Straumsvík.
2. Kanna með hvaða hætti iðnaðarráðherra geti með frumkvæði af sinni hálfu stuðlað að því að fljótlega verði ráðist í stækkun álbræðslunnar í samvinnu við aðra erlenda aðila en Alusuisse.
3. Kanna afstöðu Alusuisse til stækkunar ÍSAL og hvaða leiðir séu til samstarfs um slíka stækkun.

Í starfshópnum voru skipaðir: Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, Guðmundur G. Þórarinnsson verkfræðingur og Gunnar G. Schram alþingismaður. Starfshópnum til aðstoðar voru þeir Halldór J. Kristjánsson deildarlögfræðingur og Garðar Ingvarsson hagfræðingur.

Svo sem vikið var að hér að framan undir 1. lið hefur verið gengið frá heildarendurskoðun samninga við Alusuisse um málefni núverandi álbræðslu. Þar með er lagður grundvöllur þess að unnt verði að fjalla með ábyrgum hætti um stækkun álversins í Straumsvík.

Alusuisse hefur átt við fjárhagsörðugleika að stríða og hefur fyrirtækið undanfarið verið að draga saman seglin í áliðnaði. Breyttar áherslur stjórnar Alusuisse gera ljóst að um stækkun verður ekki að ræða með þátttöku Alusuisse. Ríkisstjórnin hefur því orðið að taka frumkvæði í vinnu að aukinni álvinnslu hér á landi.

a. Heildarkostnaður 1519 þús. kr.

b. Sundurliðun eftir árum:	<b>1985</b>	<b>1986</b>
Kostnaður .....		1 519

c. Frekari sundurliðun eftir verkefnum liggur ekki fyrir.

d. Þóknun og laun til einstakra nefndarmanna:	<b>1985</b>	<b>1986</b>
Dr. Jóhannes Nordal .....		41.0
Birgir Ísl. Gunnarsson .....		30.7
Guðmundur G. Þórarinnsson .....		39.0
Dr. Gunnar G. Schram .....		39.0
Samtals	0	149.7

e. Þóknun til einstakra ráðunauta, aðkeypt ráðgjöf og þóknun og laun til þeirra sem starfað hafa með nefndinni:

	1985	1986
Garðar Ingvarsson .....		164.7
Halldór J. Kristjánsson .....		41.0
Samtals	0	205.7

f. Ferðakostnaður .....

622.0

g. Annar kostnaður .....

541.6

#### 4. KÍSILMÁLMMVINNSLAN

Í maí 1983 ákvað þáverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, að eitt af verkefnum stóriðjunefndar yrði að leita eftir nýjum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni hf. á Reyðarfirði. Var þess farið á leit við Geir H. Haarde og Axel Gíslason fulltrúa í stjórn Kísilmálmvinnslunnar og Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóra að þeir störfuðu með undirnefnd stóriðjunefndar, þeim Birgi Ísl. Gunnarssyni, formanni stóriðjunefndar, og Guðmundi G. Þórarinssyni, að því máli.

Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá komu hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild.

Í júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, Birgi Ísl. Gunnarsson og Guðmund G. Þórarinsson úr stóriðjunefnd, Geir H. Haarde og Axel Gíslason samkvæmt tilnefningu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. í viðræðunefnd til að hafa með höndum samningaumleitanið við aðila er áhuga hefðu á eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ritari nefndarinnar var Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar hf.

Fyrri hluta ársins 1985 var einkum rætt við norska fyrirtækið Elkem, bandaríska fyrirtækið Dow Corning og austurríska fyrirtækið Voest Alpine án þess að jákvæð niðurstaða fengist. Á miðju ári voru teknar upp að nýju könnunarviðræður við breska fyrirtækið RTZ Metals í Bristol, en rætt hafði verið við það fyrirtæki síðari hluta árs 1984. Niðurstöður þeirra viðræðna urðu þær að síðari hluta desembermánaðar ákvað fyrirtækið að taka upp formlegar viðræður við íslensk stjórnvöld um hugsanlega eignaraðild að Kísilmálmvinnslunni hf.

Í janúar 1986 skipaði Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra nefnd til að hafa með höndum samninga af hálfu Íslendinga. Í nefndina voru skipaðir: Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, formaður, Axel Gíslason framkvæmdastjóri, Geir H. Haarde, aðstoðarmaður ráðherra, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur og Halldór J. Kristjánsson deildarlögfræðingur.

Með nefndinni hafa starfað Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri og Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður.

Viðræður við RTZ Metals hófust með formlegum hætti með fundi í janúar 1986. Hafa viðræðurnar gengið vel þannig að fyrir liggur að ganga megi frá endanlegum samningum milli aðila með skömmum fyrirvara. Hins vegar hafa ytri aðstæður þróast verkefninu mjög í óhag. Hefur það valdið drætti á ákvörðunum um málið.

Kostnaður hefur verið greiddur af Kísilmálmvinnslunni. Fyrirtækið hefur að beiðni ráðuneytisins látið eftirfarandi upplýsingar um kostnað vegna eignaraðildarkönnunar og samninga í té eins og þeir eru færðir samkvæmt bókum Kísilmálmvinnslunnar hf. Tekið er fram að í mörgum tilfellum sé álitamál hvort færa eigi kostnað til rekstrar Kísilmálmvinnslunnar hf. eða sem kostnað vegna eignaraðildarkönnunar og samninga. Á það einkum við um aðkeypta sérfræðiþjónustu og ferðakostnað starfsmanna Kísilmálmvinnslunnar hf.

a. Heildarkostnaður 10 846.9 þús. kr.

b. Sundurliðun eftir árum:

	1983	1984	1985	1986
Kostnaður .....	76.0	1 960.2	3 026.8	5 783.9

c. Frekari sundurliðun eftir verkefnum liggur ekki fyrir.

d. Þóknun og laun til einstakra nefndarmanna:

	1983	1984	1985	1986
Axel Gíslason .....		99.5	51.4	226.7
Birgir Ísl. Gunnarsson .....		161.0	193.5	535.6
Geir H. Haarde .....		56.2	74.0	218.4
Guðmundur G. Þórarinsson .....		115.4	182.6	236.1
Halldór J. Kristjánsson .....				252.7
Samtals	0.0	432.1	501.5	1 469.5

Greiðslur til nefndarmanna eru í samræmi við tillögur er fram komu í bréfi Kísilmálmvinnslunnar hf. til Birgis Ísl. Gunnarssonar, dags. 15. ágúst 1985, og staðfestar hafa verið af iðnaðarráðherra. Skiptast þær í fastar greiðslur fyrir fundi í nefndinni sjálfri annars vegar og greiðslur vegna samningafunda hins vegar.

e. Þóknun til einstakra ráðunauta, aðkeypt ráðgjöf og þóknun til þeirra sem starfað hafa með nefndinni:

	1983	1984	1985	1986
Baldur Guðlaugsson .....		59.5	304.2	640.0
Chase Econometrics .....		149.1		
Coopers & Lybrand .....				90.7
Endurskoðunarmiðstöðin .....			26.1	59.5
Fesil Engineering .....			68.5	
Garðar Ingvarsson .....		13.5	28.5	
Hilmar Foss .....		24.0		81.2
Sjóefnavinnslan .....			125.0	
Samtals		246.1	552.3	871.4

f. Ferðakostnaður\* .....

	76.0	1 178.0	1 644.0	2 863.0
--	------	---------	---------	---------

\* Til ferðakostnaðar er auk ferðakostnaðar nefndarinnar talinn ferðakostnaður sérfræðinga og starfsmanna Kísilmálmvinnslunnar hf. vegna ferðalaga þeirra í beinum tengslum við störf nefndarinnar.

	1983	1984	1985	1986
Annar kostnaður .....		104.0	329.0	580.0